

Umsögn

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga með síðari breytingum (afnám lágmarksútsvars), 120 mál.

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Fjármálastjóri

Fyrir efnahags- og viðskiptanefnd alþingis liggur frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 4/1995 með síðari breytingum (120 mál) sem felur í sér að fella niður lágmarksútsvar sem nú er 12,44%. Skrifstofa borgarstjórnar hefur óskað eftir að Fjármálaskrifstofa veiti umsögn um frumvarpið.

Rökin fyrir því að hafa lögbundið lágmarksútsvar eru þau að sanngjarnt þykir að allir launamenn greiði ákveðið lágmarkshlutfall atvinnutekna til að fjármagna almannajónustu sveitarfélaganna. Þetta er viðtekin regla hér á landi eins og á öðrum Norðurlöndum þar sem hún þykir sjálfsögð. Nú er ljóst að útsvarstekjur og aðrar skatttekjur standa hjá mörgum smærri sveitarfélögum hér á landi ekki undir útgjöldum vegna lögbundinna verkefna sveitarfélaga. Til að reyna að tryggja fjármögnun þessara verkefna í öllum sveitarfélögum landsins fær Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hluta af útsvarstekjum sveitarfélaga og hlutdeild í heildarskatttekjum ríkisins til að endurdreifa skattfé eftir ákveðnum jöfnunarreglum. Þegar horft er heildstætt á hlutverk sveitarfélaga og jöfnunarkerfið má með gildum halda því fram að ein af forsendum þess sé að útsvarshlutfall sé alls staðar hið sama eins og í Noregi og þau sveitarfélög sem hafa tekjuhærra launamenn og/eða léttari útgjöld vegna almannajónustu t.d. vegna lítilla útgjalda til velferðarmála ættu að leggja meira fé inn í jöfnunarkerfið en önnur.

Grunnhugmyndin að baki jöfnunarkerfinu er að tryggja að allir landsmenn eigi að geta treyst því að fá sambærilega almannajónustu án tillits til búsetu. Að íbúar þurfi ekki að flytja búferlum eftir atvinnumissi og tekjubrest vegna þess að þeir fái ekki raunverulega styrki til framfærslu eða þjónustu vegna fötlunar og skorts á velferðarúrræðum til fatlaðra. Sveitarfélag ætti ekki að hafa val um að bjóða lágt útsvarshlutfall og taka ekki þátt í því velferðarkerfi sem landsmenn eiga rétt á að njóta óháð búsetu. Það er ekkert eðlilegt við það að Reykjavíkurborg með tiltölulega háa fjárhagsaðstoð og tiltölulega mikil úrræði fyrir fólk í húsnæðisvanda laðar til sín fólk af öllu landinu þar sem minni þjónusta er boðin. Hugmyndin um afnám lágmarksútsvars vinnur gegn velferðarkerfinu og jöfnun réttinda án tillits til búsetu.

Varðandi lögin um tekjustofna sveitarfélaga þá er brýnt að auka heimildir sveitarfélaga til tekjuöflunar frá því sem nú er. Ljóst er að núverandi tekjustofnar tryggja ekki sjálfbærni sveitarfélaga í merkingu laga um opinber fjármál og rýning á fjármögnun sveitarfélaganna leiðir fram nauðsyn þess að efla tekjustofnanna. Þetta er verkefni sem þarf að skoða fljótt og finna lausn á.



Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri